

Jarðskjálftar.

Bæði af sjón og sögu virðast mér miklar líkur til, að jarðskjálftarnir miklu 1896, hafi átt upptök sín í Skarðsfjalli á Landi. Landið austan Þjórsár hefir rifnað og sigið meir en vestar, en Skarðsfjall er eins og dálítil spöng, sem ennþá er uppi, og þó allmikið sigin, og ótrúlega brotin og sprungin. Svo mikið sem af því hefir verið sagt, þá virðist mér þó sjón sögu ríkari, er eg skoðaði fell þetta nokkuð, sumarið 1910. Önnur sprungin hálendisspöng, og þó talsvert minna sigin en Skarðsfjall, er Búrfell við Þjórsá; hefir það áður verið samfast við Hreppafjöllin, og er þar mikið að sjá fyrir þá, sem vel eru skygnir. En jarðskjálftinn 1896 hófst víst á þann hátt, að Skarðsfjall hrapaði nokkru lengra áleiðis að grunni en áður, eða nokkuð af því.

Hvernig á því muni hafa getað staðið, má skilja af nokkrum einföldum hugleiðingum. Við eldgos missir jörðin ósköpin öll af hita þar sem gosin verða, og kólnar eftir gosið smátt og smátt niður eftir. En loks fer svo að djúphitinn leitar upp aftur, og þráðnar þá sumt sem storknað hafði, en annars staðar þenst út þar sem skroppið

hafði saman við lólmunina; getur þá haggast þar sem landið er mjög sprungið, og fyrst þar sem minn kraft þarf til að jarðrask verði, eins virðist hafa verið í Skarðsfjalli 1896; en af jarðskjálftanum fyrsta geta svo orðið nýjar hræringar, þar sem ekki mátti miklu muna að ekki gengi landspildur eitthvað úr skorðum. Enn geta orðið jarðskjálftar af öðrum ástæðum við og undir eldgos, og skal ekki minnst á það fækar að sinni.

Í jarðskjálftunum 1896 var hreyfingin næst Heklu, miklu minni en vestar, en jarðskjálftar þeir sem nú hafa orðið nýlega, virðast helst eiga upptök sín undir Heklusvæðinu; er land þar mjög sundurbrotið og mörg önnur eldfjöll en Hekla; fellahryggirnir suður af Heklu, eins og t. a. m. Bjólfell og Selsundsfall eru að miklu

þó að nú kunnir að vera í undirbúningi eldgos, þá er alls ekki víst að það verði sjálf Hekla sem gýs, og virðist fult eins líklegt að gjósi fremur inn á afreiti. Eg gekk upp á Heklu ásamt Páli Lyðssyni frá Hlíð, í ágústmánuði 1911, og varð ekki var við neinn óvanalegan jarðhita. En eg varð var við annað, sem er ekki al-

veg ómerkilegt og eg vissi ekki áður, og mönnum hefir verið ókunnugt, eins og sjá má t. a. m. af Íslandslýsingu Þorvaldar Thoroðssen II, bls. 136. Norðan á Heklu er skriðjökull, og ytri Rangá er að miklu leyti jökulvatn úr Heklu, en af því að bergið er svo gljúpt, þá er vatnið orðið sláð og tært þegar það er komið niður í ófærugil. Þó að skriði sé, þá er Rangá svona tær, einmitt af því að hún er jökulvatn. Þessum síuðu jökulvötnum hafa menn ekki veitt eftirtekt á Íslandi fyr en súrur 8 1910, þegar eg tók eftir því að Skógá undir Eyjafjöllum muni vera þess háttar jökulvatn.

Ef Hekla hitnar þá ætti það að sjást á Ytri-Rangá, svo að gosið komi mönnum síður á óvart.

Jarðskjálfta mun vera ennþá verra að sjá fyrir en eldgos. Ef til vill kæmi að nokkrum notum væru til jarðskjálftamælar á hættulegustu svæðunum. Mælirinn verður var við hræringarnar fyrir en menn, og smátitringur mun stundum koma á undan stóru kippunum.

Reykjavík 9. maí 1912.

Hlgi Péturss.
